

Reykjavík, 16. nóvember 2011

Innanríkisráðherra,  
hr. Ögmundur Jónasson

Barnaheill - Save the Children á Íslandi, Mannréttindaskrifstofa Íslands og Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna - UNICEF á Íslandi hafa samþykkt eftirfarandi ályktun.

Í tilefni af úttekt barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna á stöðu barna á Íslandi og niðurstöðum þeirrar úttektar, þar sem gerðar eru ýmsar athugasemdir við framkvæmd skuldbindinga Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hér á landi, hvetjum við stjórnvöld til þess að:


- Endurnýja eins fljótt og auðið er aðgerðaráætlun til þess að styrkja stöðu barna og ungmenna. Sú aðgerðaráætlun sem nú er í gildi rennur út í árslok 2011 og því brýnt að hefja strax vinnu við nýja aðgerðaráætlun.
- Hafa nýju aðgerðaráætlunina tímasetta áfangaáætlun þar sem fram kemur hvernig og hvenær skuli hrinda einstökum aðgerðum áður nefndrar áætlunar í framkvæmd.
  - o Taka fullt tillit til athugasemda barnaréttarnefndarinnar við endurnýjun aðgerðaráætlunarinnar og leitast af fremsta megni við að samræma þær aðgerðum áætlunarinnar.
- Sérstaklega benda samtökin á eftirfarandi atriði sem barnaréttarnefndin gerði athugasemdir við og hvetja til þess að þau komi til framkvæmda eins fljótt og auðið er:
  - o Ekki er starfandi varanlegur aðili/stofnun sem hefur umboð til að framkvæma samræmda innleiðingu á ákvæðum barnasáttmálans hér á landi. Nefndin mælir með því að ráðist verði í aðgerðir til að koma slíku varanlegu kerfi á fót, sem getur sinnt bæði ráðgefandi hlutverki sem og eftirlitshlutverki.
  - o Ekki er til staðar einfalt kerfi fyrir börn til að leggja fram persónulegar kvartanir. Nefndin leggur til að umboðsmanni barna verði gert kleift, með auknu fjármagni og mannafla, að taka að sér slíkt hlutverk. Einnig skuli skoðunum barna veitt meira vægi á öllum sviðum er snerta þeirra mál, s.s. í skólum, fyrir dómstólum, á heimilum og hjá stjórnsýslustofnunum.
  - o Nefndin lýsir áhyggjum sínum af niðurskurði í heilbrigðis- og menntamálum og hvetur ríkið til snúa niðurskurðinum við og auka fjárveitingar til atvinnusköpunar, til að styðja við einstæða foreldra og til almannatrygginga um leið og efnahagshorfur batni. Ríkið er sérstaklega hvatt til að styðja við og styrkja fjölskyldur sem á þurfa að halda, s.s. vegna fátæktar, fötlunar barna eða af öðrum ástæðum, svo þær geti sinnt uppeldis- og forsjárskyldum sínum á fullnægjandi hátt.
  - o Ríkið er hvatt til þess að hafa meginregluna um hagsmuni barnsins ávallt að leiðarljósi og leitast við að tryggja að reglan sé samþætt á viðeigandi hátt og henni beitt stöðugt í öllum laga-, stjórnsýslu- og dómsaðgerðum, sem og í stefnum, áætlunum og verkefnum er varða börn og hafa áhrif á þau.

- beitt stöðugt í öllum laga-, stjórnslu- og dómsaðgerðum, sem og í stefnum, áætlunum og verkefnum er varða börn og hafa áhrif á þau.
- Nefndin mælist til þess að ríkið ráðist í nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja börnum með sérþarfir þá þjónustu og athygli sem þau þurfa, og styrki sérstaklega aðgerðir sem taka á málum barna innflytjenda svo koma megi í veg fyrir brottfall þeirra úr skóla.
  - Nefndin mælist til þess að ríkið auki forvarnir og fræðslu um kynheilbrigði, kynferðislega misnotkun á börnum og ofbeldi gegn börnum. Ríkið skal setja sér skýra stefnu í þessum málum og huga sérstaklega að fyrirbyggjandi aðgerðum sem og sérstökum aðgerðum vegna barna sem verða vitni að og/eða verða fyrir ofbeldi og/eða hvers konar misnotkun.
- Enn fremur hvetja samtökin stjórnvöld til að hrinda í framkvæmd þeim aðgerðum núgildandi aðgerðaáætlunar sem enn hafa ekki komið til framkvæmda. Þær eru nauðsynlegar til að bæta úr og styrkja stöðu allra barna og ungmenna hér á landi, bæði með hliðsjón af landslögum og alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að, s.s. Barnasáttmála S.þ. og samningi S.þ. um réttindi fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst,



Margrét Steinarsdóttir,  
framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands



Petrína Ásgeirsdóttir  
framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi



Stefán Ingi Stefánsson  
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi